

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 234/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á IV. viðauka við EES-samninginn (Orka)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2379 frá 18. desember 2017 um viðurkenningu á skýrslu Kanada um dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun landbúnaðarhráefna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB ⁽¹⁾.
- 2) IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 41b (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/749) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„41c. **32017 D 2379**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2379 frá 18. desember 2017 um viðurkenningu á skýrslu Kanada um dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun landbúnaðarhráefna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB (Stjtið. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 86).

Ákvörðunin tekur ekki til Liechtenstein.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2379, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 337, 19.12.2017, bls. 86.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING